

Markmið

- Að nemendur átti sig á skyldleika íslensku við önnur norræn mál og af hverju þeir eru að læra dönsku.
- Að nemendur kynnist orðaforða í dönsku sem stendur þeim nærri og þjálfist í honum.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður með alla færniþætti tungumálsins: Hlustun, tal og samskipti, lesskilning, ritun og menningarläsi. Í upphafi er lögð mest áhersla á hlustun og að nemendur átti sig á að stór hluti orðaforðans er í grunninn sá sami og í íslensku. Nemendur æfa tal í paravinnu og lesturinn er ýmist þjálfaður í einstaklingsvinnu, paravinnu eða allur hópurinn saman í kórlestri. Vinnubók er notuð til þjálfunar í ritun, samhliða lesbók og nemendur skrá ný orð niður í sérstakt verkefnahefti, skrifa texta, teikna skýringarmyndir og vinna þemaverkefni.

Námsmat

Mat lagt á vinnuframlag nemenda, með hæfniviðmið til hliðsjónar.

Námsgögn

Kennslubækur, vinnubækur, verkefnahefti fyrir glósur og teikningar, spil og leikir til að æfa orðaforðann. Danskar teiknimyndasögur og kvikmyndir og myndefni sem hæfir aldri og getu.